



Fundargerð fræðslunendar 28. febrúar 2017

Fundur haldinn í fræðslunefnd þriðjudaginn 28. febrúar 2017, kl. 11:30 í Brekkubæ.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Einar Ólafur Einarsson, Ingvar Eðvarðsson. Einnig kom á fundinn Sandra Konráðsdóttir leikskólastjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Beiðni leikskólastjóra um breytingu á starfsdegi sem átti að vera 19. apríl. Hann verði færður til 12. maí. Samþykkt.

3. mál

Skólaskrifstofa.

Sandra fór yfir málið og kom þar fram að mun meira og betra samstarf hefur verið á milli leikskólans og skrifstofuna síðustu misseri sem er bæði jákvætt og gott. Einnig var rætt á fundinum að þörf sé á sálfræðiþjónustu bæði fyrir börn og fullorðna í Vopnafirði. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að beina því til hreppsnefndar hvot hún gæti staðið að því að kanna möguleika á því að fá sálfræðing á Vopnafjörð reglulega yfir vetrarmánuðina.

4. mál

Námsferð á næsta ári.

Sandra greindi frá því að starfsfólk Brekkubæjar stefni á að fara í námsferð í apríl – maí 2018 til Amsterdam eða Berlínar. Nú er verið að skoða hvað henti best og hvað komi sér best fyrir leikskólastarfsfólkið okkar að kynna sér. Starfsdagar verða nýttir til námsferðarinnar.

5. mál

Ný heimasíða.

Tekin hefur verið í notkun ný heimasíða fyrir leikskólann Brekkubæ. Mikil ánægja ríkir með hana, viðmótið gott og aðgengileg. Starfsfólk sem foreldrar ángæðir.

Önnur mál

Leikskólastjóri vakti máls á því þörf væri á innkaupakorti fyrir leikskólann. Eitthvað virðist misjafnt hvernig þessu er háttað á milli stofnana sveitarfélagsins. Nefndarmenn bentu leikskólastjóra á að ræða þessi mál við sveitarstjóra, en jafnframt vísar fundurinn því til hreppsnefndar að samræma þarf þessar reglur fyrir yfirmenn stofnana sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:20

Hafþór Róbertsson